

Fundur stjórnar Foreldrafélags Hrafnagilsskóla (FFH)

haldinn á Hjálmsstöðum þriðjudaginn 12. Janúar 2016 kl. 20:30

Fundinn sátu Sigríður Hrefna formaður, Auður Thorberg ritari, Benjamín Örn og Valur, Guðrún gjaldkeri boðaði forföll.

Fundargerð ritar Auður

1. Kynning á styrk sem FFH fékk frá Norðurorku upp á 200.000 kr. til að útbúa eldstæði og skýli til útikennslu í Aldísarlundi. Mikil ánægja með þetta framtak og þennan styrk, núna þarf að funda með skólastjórnendum og samræma aðgerðir svo þetta nýtist sem best og farið verði eftir þeim reglum sem við á. Siggú falið að hafa samband við Hrund skólastýru.
2. Umræður um nammisöluna í íþróttahúsinu. Þessi sala samræmist ekki markmiðum heilsueflandi samfélags, mikilvægt að minnka aðgengi barna að þessu á frístundartíma og helst lengur, 16:30 væri best. Farsælla væri að hafa heilsusamlegri valkosti í boði, t.d. hægt að hafa ferska ávexti þarna og senda þá svo í mötuneytið sem ekki seldust. Val falið að hafa samband við Ingibjörgu íþrótt- og tólmstundafulltrúa og forstöðukonu íþróttamiðstöðvar.
3. Umræður og uppástungur um spennandi fyrirlesara, eitthvað uppbyggjandi og jákvætt.

Fundi slitið 22:30